

Námsvísir 2022-2023

7. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari/kennarar: Gísli Sveinn og Ingunn

Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur þjálfist í þeim hæfniviðmiðum í stærðfræði sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskólanna. Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Unnið er eftir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla og má nálgast hér:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

Kennsluaðferð / vinnulag

Námsefnið er unnið í 4 vikna lotum sem enda með verkefnavinnu eða könnun. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og innlagnir á töflu, stöðvavinna, leiðsagnarnám, þrautalausnir, námsleikir, námsspil og ýmislegt ítarefni frá kennurum. Nemendur vinna ýmist í hópum, pörum eða í einstaklingsvinnu háð hverju verkefni fyrir sig.

Námsmat

Þátttaka og virkni í tímum
Raunverkefni – ýmist hópa- eða einstaklingsverkefni
Kannanir.
Sjálfsmat og jafningjamat.

Námsgögn

Stika 3a og 3b
Stærðfræðileikir
Stærðfræðispil
Verkefni og ítarefni frá kennurum

